


Æfingin skapar meistarann

Þjálfunarefni í lesfimi
fyrir mið- og unglingastig



Textar úr
30 frægustu víkingarnir

Illugi Jökulsson



MENNTAMÁLASTOFNUN

Lestrarráð

Æfingin skapar meistarann – Skráning

Um leshraða

Hæfilegur leshraði, sem birtist **1** í áreynslulausum lestri, er mikilvægur fyrir lesskilninginn. Ef þú þarft ekki að hugsa mikið um lesturinn sjálfan getur þú einbeitt þér að merkingu textans. Þess vegna skiptir lesfimiþjálfun máli.



Um lestrarnákvæmni

Gott er að hafa fingur eða blýant undir texta þegar lesið er vegna þess að það:

- Eykur nákvæmni við lestur, **2**
- tryggir betra flæði,
- hjálpar þér að fara ekki línuvillt,
- og tryggir réttan skilning á texta.

Undirbúningur undir lestur

Það er alltaf gott að renna yfir **3** texta og athuga hvort hann innihaldi löng eða erlend orð sem þú þarft að æfa sérstaklega. Það er einnig gott að nota fyrirsagnir til að spá fyrir um innihaldið því þá getur þú notað það sem þú veist þegar um efnið til að skilja textann.

Um ný orð

Góðir lesarar eru alltaf vakandi **4** fyrir nýjum orðum og eru duglegir að spyrja um merkingu orða sem þeir þekkja ekki. Hvert nýtt orð sem þú lærir hjálpar þér að skilja heiminn betur.

Um jákvætt hugarfar

Gott læsi er mikilvægt fyrir **5** velgengni í lífinu. Þess vegna skaltu hafa jákvætt viðhorf til lestrar og ávallt leggja þig fram í þjálfuninni.

Skipti	Dagsetning	Tímataka 1 orð 1	Tímataka 2 orð 2	Tímataka 3 orð 3	Lestrarþjálfari	Skóli
1						
2						
3						
4						
5						

6						
7						
8						
9						
10						

11						
12						
13						
14						
15						

16						
17						
18						
19						
20						



Auður djúpúðga 1

Auður djúpúðga var dóttir Ketils flatnefs sem var víkingaforingi í Noregi	11
sem virðist hafa gerst jarl í Suðureyjum, eftir að víkingar lögðu eyjarnar	23
undir sig. Auður og systkini hennar tóku flestöll kristni, sem þá var mjög	36
sjaldgæft um norræna menn. Það gefur til kynna að þau og ætt þeirra hafa	50
sennilega verið búin að hafast við á Bretlandseyjum alllengi. Þrátt fyrir að	62
verða kristin gekk hún að eiga Ólaf hvíta, víkingaforingja sem herjaði á	74
Írlandi og varð um tíma herkonungur norrænna manna í Dublin. Ekki er	86
vitað til að hann hafi tekið kristni. Eftir að Ólafur féll á Írlandi sneri Auður	101
kona hans aftur til Skotlands. Þau Ólafur höfðu átt soninn Þorstein rauða,	113
sem gerðist herkonungur yfir hálfu Skotlandi, en var felldur af Skotum.	124
Óvinir sóttu líka að Auði og fólki hennar en hún var hörð í horn að taka og	141
útbjó á laun knörr úti í skógi svo hún gæti flúið ásamt fólki sínu. Tuttugu	156
frjálsbornir menn voru með henni, auk ættingja hennar, kvenna,	165
ungmenna og þræla. Í Laxdælu segir: „Þykjast menn varla dæmi til vita	177
að einn kvenmaður hafi komist í brott úr þvílíkum ófriði með jafnmiklu fé	190
og föruneysi. Má af því marka að hún var mikið afbragð annarra kvenna.“	



1. Hvað var ólíkt með Auði og flestu öðru norrænu fólki?
2. Hvað gerði Auður sem sýndi að hún var flestum konum á hennar tímum fremri?

Auður djúpúðga 2

Auður hélt fyrst til Orkneyja og síðan til Færeyja. Á báðum stöðunum gifti	13
hún sonardætur sínar, dætur Þorsteins rauða, mektarmönnum á eyjunum	22
og komu af þeim valdaættir. Því næst sneri Auður knerri sínum til Íslands	35
en tveir bræðra hennar og ein systir voru þá þegar sest að á Íslandi. Knörr	50
Auðar strandaði við Ölfusá en áhöfnin bjargaðist. Hún fór til bróður síns er	63
bjó að Kjalarnesi en hann kvaðst ekki geta tekið við nema helmingnum af	76
fylgdarliði hennar. Það mislíkaði henni og arkaði hún þá af stað til annars	89
bróður er bjó í Breiðafirði. Hann tók við öllu hennar fólki. Síðan nam Auður	103
land í Hvammi í Hvammsfirði og var mikill höfðingi. Hún var ein fárra	116
kvenna sem Landnáma nefnir að hafi numið land á Íslandi í eigin nafni.	129
Hún gaf frelsi þrælum sínum og útbýtti löndum til manna sinna. Þegar	141
Auður var orðin gömul hélt hún mikla brúðkaupsveislu að Hvammi fyrir	152
sonarson sinn. Í upphafi veislunnar tilkynnti hún að gleðin skyldi standa	163
í þrjá sólarhringa samfleytt en verða um leið erfidrykkja hennar, því hún	175
væri nú að deyja. Hún dó svo og var jörðuð í flæðarmálinu í Hvammsfirði,	189
eins og hún hafi mælt fyrir um.	



1. Hvers vegna dvaldi Auður ekki lengi hjá bróður sínum á Kjalarnesi?
2. Hvar settist Auður að á Íslandi?

Hrafna-Flóki 1

Eftir að norrænir menn fóru að sigla mikið milli Bretlandseyja og	11
Norðurlanda leið ekki á löngu þar til þeir sigldu fram á nýjar eyjar í vestri.	26
Um 800 tóku norrænir menn að setjast að í Færeyjum en þar hafði búið	40
fólk frá Írlandi og Skotlandi í eina til tvær aldir. Svo fann víkingurinn	53
Naddoddur stórt land mun vestar, og sænskur víkingur að nafni Garðar	64
Svavarsson fór þá að kanna málið. Hann sannaði að um eyju væri að ræða	78
með því að sigla umhverfis hana. Einn manna hans laumaðist í land ásamt	91
ambátt og þræli og urðu þau þrjú fyrstu landnámsmenn Íslands, ef marka	103
má ritaðar íslenskar heimildir. Nokkru seinna hugðist Norðmaðurinn Flóki	112
Vilgerðarson prófa að nema þetta nýja land. Á Hjaltlandseyjum útvegaði	122
hann sér þrjá hrafna til að hjálpa sér að finna landið. Þegar hann sleppti	136
þeim fyrsta flaug hann rakleitt til baka. Sá næsti flaug upp í loft en settist	151
svo á skipið aftur. Þegar Flóki sleppti þriðja hrafninum flaug hann rakleitt	163
í þá stefnu þar sem þeir félagar fundu svo landið. Flóki var síðan kallaður	177
Hrafna-Flóki. Hann og menn hans höfðu vetursetu á landi.	



1. Hver fann Ísland fyrstur norrænna manna?
2. Hvort settist fólk fyrr að í Færeyjum eða á Íslandi?

Hrafna-Flóki 2

Veturinn var harður og þeir höfðu ekki gætt þess að safna vistum um sumarið. Einu sinni gengu þeir upp á fjall og sáu þá ís í nálægum firði. Þá ákváðu þeir að kalla landið Ísland. Hrafna-Flóki er dæmi um að ekki voru allir víkingar ræningjar og manndráparar. Sigling hans var fyrst og fremst farin til að kanna ný lönd. Nú er talið að allra fyrstu norrænu landsmenn Íslands hafi kannski ekki síst verið veiðimenn að eltast við rostunga. Til Íslands fluttu svo ýmsir víkingar og vandræðamenn, en líka kaupmenn og bændur í leit að nýju jarðnæði. Lengi var talið að Ísland hefði byrjað að byggjast um 870 en nú hafa fornleifar sýnt að norrænir menn voru þar á ferð töluvert fyrr, líklega fljótlega eftir aldamótin 800. Hrafna-Flóki lét illa af Íslandi þegar hann kom aftur til Noregs en endaði samt á að setjast þar að. Í íslenskum heimildum segir að þegar norrænir menn komu til Íslands hafi verið þar fyrir írskir munkar og einsetumenn. Það er nærri áreiðanlega rétt, en því miður er fátt vitað um umfang þessa „landnáms fyrir landnám“. Engar fornleifar hafa enn fundist á Íslandi sem óyggjandi má rekja til þessara „papa“ sem svo voru kallaðir.	13 29 42 53 67 79 90 104 117 128 143 155 167 179 190
--	--



1. Hvers vegna nefndi Hrafna-Flóki landið Ísland?
2. Hvaða fólk var talið vera á Íslandi þegar norrænir menn byrjuðu að setjast þar að?

Ragnar loðbrók 1

Ragnar loðbrók er ein frægasta hetja víkingatímans og um hann voru	11
sagðar miklar sögur. Því miður er óvíst hverjar af þessum sögum eru	23
sannleikanum samkvæmar og vera má að einhverjar þeirra séu tómar	33
þjóðsögur. Aðrar hafa kannski verið heimfærðar upp á Ragnar þótt þær	44
hafi komið fyrir aðra víkingaforingja. Engin sérstök ástæða er samt til að	56
efast um að hann hafi verið til í raun og veru. Ragnar er sagður hafa verið	72
sonur Sigurðar hrings, sem var konungur eða stórhöfðingi í Svíþjóð. Hann	83
varð snemma mikið hreystimenni og frægur bardagamaður. Ekki leið á	93
löngu þar til hann var farinn að stýra víkingaskipum sem gerðu árásir bæði	106
á Bretland og einnig á strendur Frakklands. Frægasta víkingaárásin sem	116
Ragnar er sagður hafa staðið fyrir var árás á París höfuðborg Frakklands	128
árið 845. Hann sigldi þá upp ána Signu og allt til Parísar, þrátt fyrir að Karl	144
sköllótti Frankakeisari reyndi allt hvað af tók að stöðva för víkinganna.	155
Þeir lögðu undir sig Parísarborg um páskaleytið og rændu þar og rupluðu.	167
Hersveitir Karls komu loks á staðinn og urðu að borga víkingunum ókjörin	179
öll af peningum í lausnargjald, svo þeir færu burt frá borginni.	



1. Frá hvaða landi var Ragnar loðbrók talinn hafa verið?
2. Hvernig fór her Karls sköllótta að því að losna við víkingana frá París?

Ragnar loðbrók 2

Eftir mörg hreystibrögð vildi svo illa til að skip Ragnars fórst við strendur	13
Norður-Englands. Þar var konungur að nafni Ella, sem hataði Ragnar, enda	24
hafði hann oft rænt á Englandi. Menn Ella réðust að Ragnari og þeim sem	38
höfðu komist lífs af úr skipsstrandinu, en þrátt fyrir hetjulega vörn féll	50
Ragnar í hendur kóngs. Ragnar var síðan tekinn af lífi á einstaklega	62
grimmilegan hátt. Ella lét fleygja honum í dýflissu sem var full af eitruðum	75
snákum. Þar lét Ragnar líf sitt. En sem sannkölluð hetja brást hann vel við	89
dauða sínum, enda trúði hann því að hann ætti í vændum vist hjá Óðni,	103
æðsta guði norrænna manna í Valhöll, þar sem sannar hetjur sátu í	115
veisluglaumi eftir dauðann. Ragnar loðbrók átti marga fræga syni, meðal	125
þeirra voru Björn járnsíða, Ívar beinalausi og Sigurður Ormur-í-auga. Þeir	135
hefndu föður síns grimmilega.	139
Ragnar loðbrók hefur öðlast nýja frægð og frama á síðustu árum eftir	151
að írsk-kanadíska sjónvarpsserían Vikings hóf göngu sína 2013. Þættirnir	161
um Ragnar hafa náð miklum vinsældum og aukið áhuga fólks á víkingum.	



1. Hvernig stóð á því að enska kónginum tókst að handsama Ragnar?
2. Hvað varð um víkinga eftir dauðann samkvæmt trú manna á þessum tíma?

Kráka 1

Kráka var einnig nefnd Áslaug. Uppruni hennar er hulinn mistri þjóðsagna	11
og ævintýra og má sem dæmi nefna að hún er sums staðar talin dóttir	25
hinnar miklu þjóðsagnarhetju Sigurðar Fáfnisbana og valkyrjunnar	32
Brynhildar. Af þeim skötu hjúum fór miklum sögum í germönskum og	42
norrænum sagnakveðskap, en líklega er fyrst og fremst um skáldskap að	53
ræða og uppruni Kráku var eflaust hversdagslegri. En hún var altént ung	65
stúlka þegar hún var að baða sig í á nokkurri og vakti þá athygli nokkurra	80
af mönnum Ragnars loðbrókar fyrir fegurð sína og þokka. Þeir sögðu	91
Ragnari frá henni og skipaði hann henni að koma á sinn fund. Til að prófa	106
gáfur hennar og kænsku mælti Ragnar að hún mætti hvorki koma klædd	118
né nakin, svöng né södd og hvorki ein né í fylgd nokkurs manns. Kráka	132
gekk þá fyrir Ragnar eftir að hafa sveipað um sig stóru neti, hún hafði	146
borðað einn lauk og hafði hund sér til fylgdar. Ragnar heillaðist af gáfum	159
hennar og fegurð og Kráka varð konan hans. Þau eignuðust þrjá syni,	171
Ívar beinalausa, Rögnvald fjallháa og Hvítserk.	



1. Hver var eiginmaður Kráku?
2. Hverjir voru foreldrar Kráku samkvæmt sumum sögum af henni?

Kráka 2

Ragnar var ekki við eina fjölinu felldur í kvennamálum, og eitt sinn hafði	13
Eysteinn illráði konungur í Svíþjóð sannfært hann um að skilja við Kráku og	26
ganga í staðinn að eiga dóttur sína. Kráka reiddist og sagði Ragnari í fyrsta	40
sinn söguna um að hún væri dóttir Sigurðar Fáfnisbana. Eftir það var hún	53
nefnd Áslaug. Til að sanna mál sitt lýsti Áslaug því yfir að hún myndi brátt	68
eignast son sem hefði drekamynd (Fáfni) í auga sér. Fæddi hún svo soninn	81
Sigurð orm-í-auga en hann hafði ormsmynd á öðrum augasteini sínum.	91
Eysteinn reiddist heitrofi Ragnars en Áslaug hvatti syni sína óspart áfram	102
til að ráða niðurlögum Eysteins. Hún tók sjálf þátt í undirbúningnum og	114
lagði til tíu skip sem áttu að taka þátt í herferðinni gegn Eysteini. Ívar	128
sonur hennar bannaði henni þá að taka þátt í siglingunni til Svíþjóðar og	141
sagði henni í staðinn að senda lið sitt landveg. Áslaug féllst á það, en af	156
einhverjum ástæðum var þá talið nauðsynlegt að hún skipti enn um nafn,	168
og kallaðist Randalín þaðan í frá. Var svo Eysteinn felldur eftir mikinn og	181
blóðugan slag.	



1. Hvers vegna breyttist nafn Kráku í nafnið Áslaug?
2. Er eitthvað sem bendir til þess að Áslaug hafi haft yfirsíkilvitlega hæfileika?

Kráka 3

Þegar Ragnar loðbrók var að búast til ferðar með flota sinn til að gera	14
innrás á England reyndi Randalín að leiða honum fyrir sjónir að hann skyldi	27
hafa fleiri skip en smærri. Ragnar hlýddi ekki ráðum hennar og var Randalín	40
greinilega mjög sorgmædd þegar þau kvöddust. Svo fór að Ragnar var	51
tekinn höndum af kóngi Englands og kastað í ormagryfju. Randalín	61
hafði hins vegar látið hann hafa serk til að klæðast í herferðinni og hafði	75
hún saumað serkinn sjálf. Meðan Ragnar var í serknum gátu ormarnir í	87
gryfjunni ekki bitið hann, en þegar serkurinn var fjarlægður voru dagar	98
Ragnars brátt taldir. Kona hans grét mjög örlög hans. Kráka eða Áslaug	110
eða Randalín varð gömul kona. Seinast er vitað um hana þegar Hvítserkur	122
sonur hennar herjaði í Rússlandi. Hann átti þá við ofurefli óvinaliðs að	134
glíma og féll í hendur fjenda sinna. Hvítserki var tilkynnt að hann mætti	147
velja sér dauðdaga og valdi hann að vera brenndur á báli. Ekki var það	161
venjulegt bál, heldur gert úr mannshöfðum. Um þessi örlög Hvítserks orti	172
Randalín hetjukvæði.	



1. Hvaða ráð gaf Randalín Ragnari áður en hann fór til að ráðast á Englendinga?
2. Hvernig dó Ragnar loðbrók?

Ívar beinalausi 1

Ívar er oftast nefndur elsti sonur Ragnars loðbrókar og Kráku eða Áslaugar.	12
Ekki er gott að skýra viðurnefnið „beinalausi“. Sumir telja að Ívar hafi verið	25
haldinn einhverjum erfðasjúkdómi sem gerði bein hans sérstaklega	33
viðkvæm. Í einni heimild er minnst á að menn hans hafi borið hann á	47
skjöldum sínum. Þá gæti „beinalausi“ í raun hafa þýtt fótalaus og Ívar verið	60
lamaður í fótum að meira eða minna leyti. Aðrir telja að viðurnefnið megi	73
rekja til þess hve ótrúlega liðugur og fimur Ívar hafi verið. Það hafi verið	87
eins og hann hafi ekki haft nein bein í skrokknum. Svo mikið er víst að	102
Ívar varð fljótlega kunnur fyrir hreysti og hugdirfsku og hann virðist sjálfur	114
hafa gengið hart fram í bardögum, ekki síður en flestir hinna frægu bræðra	127
hans. Ívar þótti auk þess mjög kænn og jafnvel grimmur, þótt aðrar	139
heimildir segi að hann hafi verið göfugur og heilsteyptur. Eftir að Ívar og	152
bræður hans höfðu rekið Eystein uppreisnarmann frá völdum í Svíþjóð	162
sneru þeir athygli sinni að Englandi. Faðir þeirra hafði verið handsamaður	173
og felldur af Ella konungi á Norðymbralandi, og nú skipulögðu bræðurnir	184
grimmilega hefnd.	



1. Hvaða þrjár skýringar gætu útskýrt viðurnefnið beinalausi?
2. Hvers vegna vildu Ívar og bræður hans ráðast gegn Ella konungi á Englandi?

Ívar beinalausi 2

Þeir bræður stýrðu hinum svokallaða „mikla heiðnaðer“ sem gerði innrás á	11
Englandi, fyrst árið 865. Herferðin var til marks um að víkingar voru ekki	24
lengur eingöngu bundnir við sjóinn, því herinn flakkaði milli ýmissa	34
konungsríkja á Englandi og barðist við hvern smákónginn af öðrum. Ekki er	46
hægt að segja til um hve fjölmennur herinn var en Ívar vann sigur í hverri	61
orrustunni af annarri. Meðal annars unnu víkingar sigur á herjum	71
Játmundar konungs í ríkinu Austur-Anglíu. Játmundur var drepinn í lok	81
orrustunnar og var hann síðan talinn þíslarvottur kristindómsins á	90
Englandi. Ívar beinalausi var foringi víkinganna sem drápu Játmund	99
þíslarvott. Eftir að hafa herjað í nokkur ár á Englandi hvarf Ívar úr sögunni.	113
Vera má að hann hafi einfaldlega fallið í orrustunni, án þess að það hafi	127
verið skráð, eða dáðið á sóttarsæng. Hins vegar töldu margir að Ívar hefði	140
eftir innrásina á England færð sig yfir til Írlands og ef til vill Skotlands og	155
hann hefði gengið í lið með Ólafi hvíta og verið í slagtogi með honum	169
undir nafninu Ímar.	



1. Hvernig var herferðin í Englandi ólík því sem hafði tíðkast hjá víkingum fram að því?
2. Hvað er talið að orðið hafi um Ívar eftir að hann hvarf úr sögunni á Englandi?

Kveldúlfur berserkur 1

Úlfur hét maður norskur og segir af honum í Egils sögu Skallagrímssonar,	12
sem var sonarsonur hans. Úlfur var höfðingi sem atti meðal annars kappi	24
við menn Haraldar hárfagra og lét aldrei sinn hlut fyrir en að lokum, þegar í	39
óefni var komið og hann og Grímur sonur hans tóku þá til bragðs að leita til	55
Íslands og setjast þar að. Úlfur var <i>berserkur</i> en það voru sérlega hraustir	68
hermenn á víkingatíma. Á þá virtist renna ósvikið æði í bardögum svo þeir	81
voru margra manna maki, og óttuðust hvorki sár né bana. Í Heimskringlu	93
skrifaði Snorri Sturluson um berserksgang, sem svo var kallaður. Þá hafði	104
Óðinn berserki í þjónustu sinni: „ <i>Hans menn fóru brynjulausir og voru</i>	115
<i>galnir sem hundar eða vargar, bitu í skjöldu sína, voru sterkir sem birnir</i>	128
<i>eða griðungar. Þeir drápu mannfólkið en hvorki eldur né járn orti á þá.</i> “	141
Fyrirnefndur Úlfur var þeirrar náttúru að gríðarlegir kraftar runnu oft á	152
hann þegar kvöldar tók, og minna lýsingarnar helst á lýsingar á varúlfum.	164
Eins og fram kom hér að ofan gengu úlfhédnarnir líka til orrustu í stakk	178
eða brynju úr úlfaham. Og sjálft heiti berserkja þýðir að þeir voru klæddir	191
„ <i>bjarnarserkjum</i> “.	



1. Hvernig voru Kveldúlfur og Egill Skallagrímsson tengdir?
2. Við hvaða skepnur líkti Snorri Sturluson berserkjum?

Kveldúlfur berserkur 2

Þegar berserksgangurinn kom yfir Úlf á kvöldin varð hann nær ósigrandi og	12
var því kallaður Kveldúlfur. Líka var talað um að menn yrðu þá hamrammir,	25
það er að segja að þeir færu í annan ham, það er að segja dýrsham. En eftir	42
berserksganginn var Kveldúlfur oft alveg örmagna. Algengt er í sögum um	53
berserki að tekið sé fram að járn bítu ekki á þá. Því voru venjuleg sverð	68
eða spjót að mestu gagnslaus gegn þeim. Í Vatnsdælu segir frá tveimur	80
ofbeldismönnum sem gerðu allt vitlaust á Íslandi, en þeir voru berserkir.	91
<i>„Þeir urðu óvinsælir af mönnum því að þeir vildu kúga af mönnum ýmist</i>	104
<i>konur eða fé, ella buðu þeir hólmgöngu. Þeir grenjuðu sem hundar og bitu</i>	117
<i>í skjaldarrendur og óðu eld brennanda berum fótum“.</i> Ekki tókst að vinna	129
á þeim fyrr en menn lokkuðu þá inn í hús og kveiktu þar elda, en þessir	145
berserkir voru eldhræddir. Síðan voru þeir barðir með lurkum úr því	156
járnvopn dugðu ekki. Lýsingar á framferði berserkjanna eru merkilegar,	165
en af hverju stafaði það æði sem rann á berserkina? Kannski voru þeir	178
einfaldlega drukknir, eða búnir að éta ofskynjunarsveppi sem gerði þá	188
fífldjarfa.	



1. Hvers vegna voru venjuleg vopn, t.d. sverð og spjót gagnslaus gegn berserkjum?
2. Hvað voru berserkirnir hræddir við?

Egill Skallagrímsson 1

Berserkurinn Kveldúlfur fluttist til Íslands með son sinn Skallgrím, sem	10
einnig átti til að fara hamförum. Sama átti við um son Skallagríms, Egil, en	24
hann er ein stórbrotnasta persóna hinna fornu Íslendingasagna. Snemma	33
bar á því að hann væri óeirðamaður og aðeins sex ára gamall drap hann	47
mann í fyrsta sinn. Þá var hann við knattleik og beið lægri hlut fyrir ellefu	62
ára pilti. Réðist þá Egill að honum og urðu af mikil vígaferli. Egill fór svo í	78
víking ungur að árum og var fjarri Íslandi í áratugi. Barðist hann af ýmsu	92
tilefni og með ýmsum árangri á Norðurlöndum, í Bjarmalandi og á	103
Englandi. Hann þótti rammur að afli og mikill vígamaður, ekki síst þegar	115
æði rann á hann. En jafnframt var hann frægt skáld og þótti hafa manna	129
best tök á flóknum og illskiljanlegum bragarháttum víkingaaldarinnar.	137
Þegar Egill var orðinn gamall maður flutti hann aftur heim til Íslands og	150
gerðist bóndi í Borgarfirði. Að lokum var hann fluttur háaldraður og blindur	162
til dóttur sinnar, sem hét Þorgerður og var mikill skörungur.	



1. Hvers vegna reiddist Egill svo að hann drap manneskju þegar hann var aðeins sex ára?
2. Hvaða sérstöku hæfileika hafði Egill aðra en að vera mikill bardagakappi?

Egill Skallagrímsson 2

Þá hugðist Egill einu sinni fara á Alþingi og taka með sér mikinn peninga-	14
fjár sjóð sem hann hafði aflað sér á víkingaferðum sínum. Hann ætlaði	25
að dreifa peningunum yfir mannfjöldann og njóta þess svo að heyra	36
bardagagnýinn þegar menn tækju að berjast upp á líf og dauða um	48
peningana. Það fannst gamla víkingnum eftirsóknarverð og skemmti-	56
leg hljóð. Að lokum fékk hann tvo þræla sína til að hjálpa sér að grafa	70
fjár sjóðinn á óþekktum stað. Þótt hann væri blindur náði hann síðan að	82
drepa þrælana og því veit enginn hvar fjár sjóður Egils Skallagrímssonar	92
liggur í íslenskri jörð. Eftir að Egill dó voru bein hans skoðuð. Í Egilssögu	106
segir: „Þau voru miklu meiri en annarra manna bein. Hausinn var undar-	118
lega mikill og þungur, allur báróttur að utan.“ Eftir að Egill missti tvo syni	131
sína varð hann afar þunglyndur. Þá ráðlagði dóttir hans honum að yrkja	143
kvæði um syni sína og sorgina og gerði Egill það. Þá létti honum svolítið.	157
Kvæðið kallast Sonatorrek eða Sonaharmur og byrjar svo: „Mjög er tregt	168
tungu að hræra“. Þar átti gamli víkingurinn við að nú ætti hann erfitt með	182
að tala.	



1. Hvað ætlaði Egill að gera við fjár sjóð sinn á Alþingi?
2. Hvers vegna byrjar Egill kvæðið Sonatorrek á því að segja að nú eigi hann erfitt með að tala?

Gunnar á Hlíðarenda 1

Gunnar á Hlíðarenda var bóndi og víkingur og talinn vaskasti vígamaður á Íslandi. Honum er svo lýst í Njálssögu að hann hafi verið mikill maður og sterkur og hafi verið jafnvígur á báðar hendur. Þegar hann hjó með sverði var hann svo snöggur að þrjú sverð birtust á lofti. Hann gat stokkið hæð sína í fullum herklæðum og skaut manna best af boga, en bogar voru annars ekki algeng vopn víkinga. Um leið þótti Gunnar ráðhollur og góðgjarn og enginn jafningi hans var á öllu Íslandi. Gunnar var mikill höfðingi á Íslandi og náinn vinur Njáls Þorgeirssonar sem þótti vitrasti maður landsins. Einu sinni fór Gunnar í víking til að afla sér frægðar og frama ásamt Kolskeggi bróður sínum. Þeir fóru til Noregs og Danmerkur en herjuðu svo í Eystrasalti í þrjú sumur. Lentu þeir í miklum ævintýrum en hreysti Gunnars bjargaði honum í öllum bardögum. Í einum bardaganum stefndi spjót á hann miðjan en hann greip þá spjótið á lofti og þeytti því til baka og drap þann sem hafði kastað því að honum. Við Saaremaa-eyju í Eistlandi réðust Gunnar, Kolskeggur og menn hans gegn öðrum víkingum sem höfðu mun meira lið.	12 26 39 53 66 77 89 100 114 125 139 149 164 177 188
---	--



1. Hversu hátt gat Gunnar stokkið í fullum herklæðum?
2. Hvað hét besti vinur Gunnars á Hlíðarenda og hvaða kost hafði hann?

Gunnar á Hlíðarenda 2

Gunnar barðist hins vegar af mikilli hörku og vann af foringja víkinganna glæsilegan atgeir, en það var rosalegt vopn í þá daga. Atgeirinn var síðan aðalvopn Gunnars, ásamt boganum. Ef gengið var til víga með atgeirnum söng alltaf í honum, segir í Njálssögu. Eftir að hafa sigrað víkingana fann Gunnar fjársjóð þeirra, gull og silfur, klæði og vopn. Svo mikið herfang vann Gunnar að þegar hann sneri aftur til Danmerkur var hann kominn með tíu langskip. Bæði Haraldur Gormsson Danakóngur og síðan Hákon jarl, sem var í reynd konungur Noregs, buðu honum að setjast að hjá sér og verða þar í miklum metum, en Gunnar vildi heldur snúa heim. Á Íslandi bjó Gunnar blómlegu búi á Hlíðarenda á Suðurlandi. Hann gekk að eiga eina fegurstu konu landsins, Hallgerði langbrók. Á Íslandi öfunduðust margir út í Gunnar og hann blandaðist brátt inn í deilur og mannvíg. Gekk þá ætíð hraustlega fram við manndrápin, en þótti annars spakur maður og óáleitinn. Svo fór að lokum að Gunnar var dæmdur útlægur fyrir manndráp. Hann hugðist þá fara aftur í víking eða setjast upp hjá kóngum Norðurlanda.	12 25 36 49 61 73 83 96 110 122 132 146 157 169 182
---	---



1. Með hvaða vopnum vildi Gunnar helst berjast?
2. Hvað merkir orðið „spakur“ í textanum?

Gunnar á Hlíðarenda 3

Gunnar var á leið til skips ásamt Kolskeggi, þegar hestur hans hrasaði og hann stökk til jarðar og varð litið á Fljótshlíðina þar sem Hlíðarendi stóð.	13 26
Þá sagði Gunnar: „Fögur er hlíðin svo mér hefur aldrei sýnst hún jafn fögur, bleikir akrar en slegin tún, og mun ég ríða heim aftur og fara hvergi.“	40 54
Kolskeggur fór utan en óvinir Gunnars sóttu hins vegar að honum á Hlíðarenda. Hann varðist einn í bænum lengi vel, en var að lokum felldur eftir frækilega vörn. Sagnir um Hallgerði eru ein magnaðasta kvenlýsing Íslendingasagna. Hún átti við ýmislegt mótlæti að stríða í æsku sem gerði hana harðlynda og stolta. Einu sinni var óvenju hart í ári á Hlíðarenda og þá sendi Hallgerður þræl sinn að stela vistum á næsta bæ. Gunnar komst að því og sló Hallgerði utan undir. Hún sagðist skyldu muna honum kinnhestinn. Þegar óvinir sóttu að lokum að Gunnari heima hjá honum náðu þeir að skera á bogastreng Gunnars, en hann bað þá Hallgerði að snúa nýjan streng úr lokki af hári sínu, en Hallgerður hafði mikið og fagurt hár. Hún sagðist þá muna honum löðrunginn og neitaði. Gunnar kvaðst þá ekki mundu biðja aftur, og var felldur skömmu síðar.	66 79 89 101 114 127 140 151 164 178 190



1. Hvers vegna fór Gunnar ekki til útlanda eins og hann ætlaði?
2. Hvers vegna hafnaði Hallgerður bón Gunnars um lokk í bogastreng?

Guðrún Ósvífursdóttir 1

Guðrún Ósvífursdóttir var ekki víkingahetja í þeim skilningi að hún	10
ferðaðist víða um heiminn eða ynni hetjudáðir í öðrum löndum. Hún var	22
höfðingjadóttir á þjóðveldisöld á Íslandi og fór aldrei úr landi svo vitað sé.	35
En hún var hins vegar skilgetið afkvæmi víkingamenningarinnar sem hafði	45
ráðið ríkjum á Norðurlöndum í rúmar tvær aldir. Menningar sem öll gekk	57
út á stolt og heiður, og að láta aldrei tilfinningar sínar um of í ljós. Guðrún	73
er ein helsta söguhetjan í Laxdælu, sem er ein kunnasta Íslendingasagan.	84
Hún þótti kvenna fegurst og gekk alls fjórum sinnum í hjónaband. Af henni	97
er ein frægasta ástarsaga víkingatímans. Hún var heitbundin og mjög	107
ástfangin af einni helstu hetju Íslendingasagnanna, Kjartani Ólafssyni.	115
Hann fór til Noregs að leita sér frægðar og frama og var mikils metinn við	130
hirð Ólafs Tryggvasonar konungs. Hann hafði lofað að koma heim og	141
kvænast Guðrúnu eftir þrjú ár. En þegar til kom hélt Ólafur konungur	153
honum lengur í Noregi. Bolli, fóstbróðir Kjartans, fór hins vegar heim	164
til Íslands og gaf í skyn við Guðrúnu að Kjartan legði hug á systur	178
Noregskóns. Þau Bolli og Guðrún gengu svo í hjónaband.	



1. Út á hvað gekk víkingamenning fyrst og fremst?
2. Hvað giftist Guðrún Ósvífursdóttir oft?

Guðrún Ósvífursdóttir 2

Þegar Kjartan kom svo heim risu fljótt deilur milli hans annars vegar og Bolla og Guðrúnar hins vegar. Einu sinni fór Kjartan með fjölda manns og umkringdi bæ Bolla, svo enginn þar inni fékk að komast á útikamarinn í þrjá daga og fólk varð að pissa og kúka innandyra. Það þótti hræðileg skömm fyrir fólk á víkingatíma. Guðrún hvatti Bolla mjög til að hefna þessarar svívirðu. Nokkru síðar réðist Bolli að gamla vini sínum og drap hann. Guðrún fagnaði drápi Kjartans. Seinna drápu bræður Kjartans Bolla, en Guðrún brosti bara að. Skömmu seinna hvatti hún tvo syni þeirra Bolla til að drepa vígamenn föður síns. Svona var samfélag víkinganna, grimmilegar blóðhefndir voru taldar eðlilegar og sjálfsagðar. Þegar Guðrún var orðin gömul spurði sonur hennar hana hvaða mann hún hefði elskað mest. Hún sagði kost og löst á eiginmönnum sínum fjórum en færðist undan að svara hvern hún hefði elskað mest. Að lokum sagði hún þessa stuttaralegu og meitluðu setningu: „ <i>Þeim var ég verst er ég unni mest.</i> “ Telja flestir að þar hafi hún átt við Kjartan, þótt þau hafi raunar ekki verið gift.	13 26 40 53 65 77 87 100 110 120 132 144 156 170
--	---



1. Hvað gerði Kjartan sem var mjög niðurlægjandi fyrir Guðrúnu og fólk hennar?
2. Hverju svaraði Guðrún þegar sonur hennar spurði hvern hún hefði elskað mest?